

217. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 16. APRIL 2014 KL 13:00

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík.

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning.
2. Umboð yfirkjörstjórnar.

1. FUNDARSETNING

Fundurinn, sem var símafundur, hófst kl. 13:00. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir. Birna Konráðsdóttir, varamaður, sat fundinn í fjarveru Ásbjörns Jónssonar.

Fundinn sátu jafnframt Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri, og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

2. UMBOÐ YFIRKJÖRSTJÓRNAR

Á þriðja reglulega kirkjuþingi árið 2012 átti að skipa yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar. Þar sem það láðist er því yfirkjörstjórn umboðslaus. Vegna kosninga til kirkjuþings, sem nú eru í undirbúningi, þarf yfirkjörstjórn endurnýjað umboð.

Kirkjuráð samþykkti að framlengja umboði yfirkjörstjórnar fram yfir kirkjuþing 2014, enda hefur forsætisnefnd kirkjuþings fallist á það. Í yfirkjörstjórn eru Pétur Guðmundarson, lögfræðingur, séra Þórir Stephensen og Halla Aðalsteinsdóttir, kennari.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:10

Agnes M. Sigurðardóttir
Biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari